



Þjóðfélag
án þróskulda

SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND
FATLAÐRA

Nefndasvið Alþingis
Hafdís Ólafsdóttir, nefndarritari
Pórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. p 121, 1227
komudagur 26, 3 1997

Reykjavík 25. mars 1997

Efni: *Umsögn Sjálfssbjargar, landssambands fatlaðra við frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, 260 mál.*

Framkvæmdastjórn Sjálfssbjargar, landssambands fatlaðra, hefur yfirfarið frumvarp til laga um réttindi sjúklinga eins og óskað er eftir í bréfi nefndarinnar dags. 26.2.1997. Fyrir hönd Sjálfssbjargar er lýst yfir ánægju með þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu frá síðustu útfærslu þess, sérstaklega hvað varðar breytingar á 3. grein frumvarpsins. Telur Sjálfssbjörg það mikilvægt að tilvísanir ákvæðisins um fjárhagsramma, og að meðferð og aðbúnað skuli miða við aldur sjúklings, skuli felldar niður.

Hins vegar telur Sjálfssbjörg að í 18. grein frumvarpsins, um bið eftir meðferð, væri rétt að setja inn hámarksbiðtíma eftir aðgerð, t.d. 3 - 6 mánuði, þar sem mikil brögð eru að því að fólk bíði t.d. eftir bæklunaraðgerðum svo árum skiptir.

Virðingarfyllst
f.h. Sjálfssbjargar,
landssambands fatlaðra

Sigurður Einarsson
framkvæmdastjóri